

Hraunskirkja í Keldudal



Hraunskirkja, horft inn kirkju. GLH 1998

Byggingarár: 1885.

Hönnuður: Sigurður Jónsson snikkari.ⁱ

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1980.ⁱⁱ

Friðud 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Hraunskirkja er timburhús, 7,71 m að lengd og 4,53 m á breidd. Þakið er krossreist og klætt spæni en veggir listapili. Kirkjan stendur á steinhlöðnum sökkli. Á hvorri hlið kirkju eru tveir póstagluggar með þriggja rúðu römmum. Fyrir kirkjudyrum eru vængjahurðir til hlífðar innri hurð.

Inn af kirkjudyrum er gangur, baklausir þverbekkir hvorum megin hans og veggbekkir umhverfis í kór. Veggir eru klæddir spjaldapili. Yfir kirkjunni eru þverbítar og loft með skammbítum opið upp í rjáfur, klætt langsúð ofan á sperrur. Kirkjan er ómáluð að innan.

ⁱ ÞÍ. Biskupsskjalasafn C, V. 139. Bréf 1887. Útdráttur úr vísitásiu Hraunskirkju 13. september 1887; Reikningur yfir byggingarkostnað Hraunskirkju ár 1885.

ⁱⁱ Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns. Hraunskirkja í Keldudal.